

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1994

22. ágúst 1994

1543

Nr. 495

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um innheimtu höfundarréttargjalds við tollafgreiðslu nr. 177/1989.

1. gr.

A. liður 1. gr. orðist svo:

- A.
- Af segulbandstækjum sem flokkast í tnr. 8520.3100 og 8520.3900 4%.
 - Af segulbandstækjum með innbyggðu útvarpi sem flokkast í tnr. 8527.3101 2%.
 - Af segulbandstækjum með innbyggðu útvarpi og plötu- og/eða geislaspilara sem flokkast í tnr. 8527.3102 1%.
 - Af myndbandstækjum sem flokkast í tnr. 8521.1029 og 8521.9029 4%.
 - Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.1101 2%.
 - Af útvarpstækjum með plötu- og/eða geislaspilara og segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.1102 1%.
 - Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.2101 2%.
 - Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.3101 2%.
 - Af útvarpstækjum með plötu- og/eða geislaspilara og segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.3102 1%.
 - Af útvarpstækjum með plötu- og/eða geislaspilara og segulbandsupptökutæki sem flokkast í tnr. 8527.2102 2%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

31. ágúst 1994

Nr. 496

REGLUR

um vélar og búnað á byggingarsvæðum (sameiginleg ákvæði).

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um vélar og búnað á byggingarsvæðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

Steindórsprent-Gutenberg hf.

Endurprentað blað.

Reglurnar gilda einvörðungu um vélar og búnað sem notuð eru við byggingarstörf og á byggingarstöðum, samkvæmt skilgreiningum í 2. tölul. og nánar er mælt fyrir um í sérreglum sbr. 3. gr. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé ekki öðrum lögum eða reglum til að dreifa.

2. Í reglum þessum merkir vélar og búnaður á byggingarsvæðum vélbúnað, tæki, verkfæri og íhluti til þeirra sem eðli sínu samkvæmt eru notuð við byggingarstörf og á byggingarstöðum en eru ekki fyrst og fremst ætluð til flutninga á vörum eða fólki.
3. Landbúnaðardráttarvélar og lyftibúnaður falla ekki undir gildissvið þessara reglna.

2. gr.

Í reglum þessum merkir:

EBE-gerðarviðurkenning: Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) staðfestir og vottar að afloknum prófunum að gerð búnaðar sem um getur í 1. gr. uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið og settar fram í viðkomandi sérreglum.

EBE-gerðarprófun: Sú tilhögun þegar aðili, sem hlotið hefur samþykki stjórnvalds aðildarríkis innan EES, staðfestir og vottar að afloknum prófunum að gerð búnaðar uppfylli samræmdar kröfur þessara reglna.

EBE-sannprófun: Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan EES getur að afloknum prófunum staðfest að hvert einstakt tæki uppfylli samræmdar kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna.

EBE-yfirlýsing framleiðanda: Sú tilhögun þegar framleiðandi eða viðurkenndur umboðsmaður hans, sem hefur staðfestu innan EES, vottar á eigin ábyrgð að einstakt tæki uppfylli samræmdar kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna.

3. gr.

Í sérreglum er greint nánar frá tæknikröfum um smíði, leyfilegt hljóðafsstig og notkun véla og búnaðar sem þær taka til og í þeim er enn fremur tilgreint hver þeirra aðferða sem um getur í 2. gr. eigi við.

II. KAFLI

EBE-gerðarviðurkenning.

4. gr.

1. Sé kveðið á um það í sérreglum skal EBE-gerðarviðurkenning vera forsenda þess að búnaður sé seldur eða tekinn í notkun.
2. Að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans, sem hefur staðfestu í aðildarríki innan EES, veitir Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir EBE-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir búnaðar sem uppfylla tæknikröfur þessara reglna og viðeigandi sérreglna.
3. Einungis má leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir tiltekna gerð búnaðar í einu aðildarríki.
4. Veita skal EBE-gerðarviðurkenningu, hafna henni, afturkalla hana tímabundið eða til frambúðar í samræmi við ákvæði þessa kafla og I. viðauka.
5. Vinnueftirliti ríkisins eða aðila sem annast viðurkenningu í umboði þess er heimilt að leita eftir aðstoð einnar eða fleiri rannsóknarstofa til að gera prófanir sem eru hluti af EBE-gerðarviðurkenningu.

5. gr.

1. Ef niðurstöður þeirra prófana sem kveðið er á um í 2. tölul., I. viðauka eru viðunandi skal gefið út vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu og það sent umsækjanda. Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu getur verið bundið skilyrðum sem mælt er fyrir um í sérreglum.
2. Fyrirmynd að vottorði fyrir EBE-gerðarviðurkenningu er sýnd í III. viðauka.
3. Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu skal háð hverjum þeim skilyrðum eða takmörkunum á gildistíma sem heimilt er samkvæmt sérreglum að mæla fyrir um.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins gerir nauðsynlegar ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við stjórnvöld í öðrum aðildarríkjum innan EES, til að tryggja að framleiddur búnaður, sem hlotið hefur viðurkenningu á Íslandi, sé í samræmi við þá gerð sem hlotið hefur viðurkenningu.
2. Nánari fyrirmæli um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. tölul. eru gefin í sérreglum. Þessar ráðstafanir geta verið fölgjar í eftirliti eða skyndikönnunum.

7. gr.

1. Ef Vinnueftirlit ríkisins kemst að því að einhver eintök búnaðar af gerð sem hlotið hefur viðurkenningu á Íslandi eru ekki í samræmi við viðurkenndu gerðina þá afturkallar það viðurkenninguna tímabundið eða til frambúðar.
2. Heimilt er þó að láta EBE-gerðarviðurkenningu standa áfram enda telji Vinnueftirlitið að frávík sem komið hafi í ljós séu minniháttar og hafi ekki veruleg áhrif á hönnun tækisins og af þeim stafi engin hættu fyrir fólk eða umhverfi. Þegar svo háttar til krefst Vinnueftirlitið þess að framleiðandinn geri viðeigandi breytingar svo skjótt sem verða má. Vinnueftirlitið afturkallar gerðarviðurkenningu ef framleiðandinn hlítir ekki þessu boði þess.
3. Vinnueftirlitið afturkallar gerðarviðurkenningu ef það kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði átt að veita hana.
4. Ennfremur eru gerðar ráðstafanir í samræmi við 1., 2. og 3. tölul. ef í ljós kemur eftir ábendingu stjórnvalds annars aðildarríkis innan EES að fyrir hendi eru einhver þau málsatvik sem þar um ræðir.
5. Vinnueftirlit ríkisins tilkynnir stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum innan EES um afturköllun gerðarviðurkenningar.

III. KAFLI

EBE-gerðarprófun.

8. gr.

1. Sé kveðið á um það í sérreglum skal EBE-gerðarprófun vera forsenda þess að búnaður sé seldur eða tekinn í notkun.
2. EBE-gerðarprófun skal framkvæmd af þeim aðila sem til þess er skipaður af Vinnueftirliti ríkisins ef óskað er EBE-gerðarviðurkenningar á Íslandi.

9. gr.

1. Aðilar sem tilnefndir eru til að framkvæma EBE-gerðarprófun í samræmi við 10. gr. skulu uppfylla lágmarksskilyrði sem sett eru fram í II. viðauka. Ekki er skylt að samþykka aðila þó að hann uppfylli lágmarkskröfurnar.
2. Hafi Vinnueftirlit ríkisins samþykkt einn eða fleiri aðila til að gera EBE-gerðarprófun

tilkynnir það stjórnvöldum í öðrum aðildarríkjum innan EES um þann eða þá aðila. Það tilkynnir einnig hinum aðildarríkjum um allar síðari breytingar.

10. gr.

1. Ef beiðni kemur frá framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans, sem hefur staðfestu innan EES, ber þeim aðila sem um getur í 9. gr. að gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun. Þetta gildir um hverja þá gerð búnaðar sem uppfyllir kröfur þessara reglna og annarra viðkomandi sérreglna enda hafi framleiðandinn skuldbundið sig til að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í sérreglum.
2. Umsóknir um EBE-gerðarprófun á tiltekinni gerð búnaðar skulu aðeins sendar til eins samþykks aðila.
3. Samþykktu aðilarnir gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun, hafna útgáfu þeirra og afturkalla þau tímabundið eða til frambúðar í samræmi við ákvæði þessa kafla og I. viðauka.

11. gr.

1. Fyrirmynd að vottorði fyrir EBE-gerðarprófun er sýnd í III. viðauka.
2. Vottorðið um EBE-gerðarprófun skal vera háð hverjum þeim skilyrðum eða takmörkunum á gildistíma sem heimilt er samkvæmt sérreglum að mæla fyrir um.

12. gr.

1. Þeir samþykktu aðilar sem veittu vottorðið um EBE-gerðarprófun skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiddur búnaður sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð.
2. Nánari fyrirsmæli um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í undanfarandi málsgrein skal setja fram í sérreglum. Þessar ráðstafanir geta verið fólgnar í eftirliti með skyndikönnun.

13. gr.

1. Komist samþykktur aðili að því að eintök af búnaði, sem hann hefur gefið út vottorð fyrir um EBE-gerðarprófun, eru ekki í samræmi við gerðina skal hann veita vottorðshafa frest til að breyta framleiðslu og afturkalla vottorðið tímabundið ef þurfa þykir. Ef nauðsyn krefur skal þess getið í sérreglum um viðkomandi búnað hve mörg eintök þurfi til þess að samþykkti aðilinn gripi inn í. Verði ekki gerð breyting innan þess frests sem veittur er ber samþykktu aðilanum að afturkalla vottorðið tímabundið eða til frambúðar.
2. Samþykkti aðilinn skal afturkalla vottorðið um EBE-gerðarprófun ef hann kemst að því að ekki hefði átt að veita það.
3. Honum ber að afturkalla vottorðið tímabundið eða til frambúðar ef vottorðshafi stendur ekki við skuldbindingar sínar sem um getur í 10. gr.

14. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins tryggir að samþykkti aðilinn leysi ofangreind störf rétt af hendi. Samþykktum aðila er skylt að leyfa Vinnueftirlitinu að láta fara fram kannanir á starfsemi hvenær sem er.
2. Umsækjandi eða sá aðili sem fær útgefið vottorð um EBE-gerðarprófun getur áfrýjað til Vinnueftirlitsins ákvörðunum samþykks aðila um að hafna vottorði um EBE-gerðarprófun eða fella það úr gildi tímabundið eða til frambúðar.
3. Telji Vinnueftirlitið að aðili sem það hefur samþykkt ræki ekki skyldur þær sem um getur í 10. og 13. gr. að réttu lagi gerir það viðeigandi ráðstafanir gagnvart honum.

4. Vinnueftirlitið dregur til baka samþykki sitt telji það að aðilinn uppfylli ekki lengur þær lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í II. viðauka eða að hann fullnægi ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið.

15. gr.

1. Dragi Vinnueftirlitið til baka samþykki sitt gerir það nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að áfram verði ræktar skyldur um útgáfu vottorða um EBE-gerðarprófun sem viðkomandi aðili gaf út áður en samþykkið var dregið til baka.
2. Ógilda skal öll vottorð sem aðilinn hefur gefið út áður en samþykkið var dregið til baka ef útgáfu þeirra hefur verið ábótavant.

16. gr.

1. Ef eitthvert þeirra tilvika sem um getur í 13. gr. kemur upp á Íslandi vekur Vinnueftirlit ríkisins athygli lögbærra stjórnvalda aðildarríkis innan EES, þar sem vottorðið var gefið út, á þeirri staðreynd.
2. Lögbærum stjórnvöldum í síðarnefnda aðildarríkinu ber að skylda samþykktu aðilann sem í hlut á til að gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 13. gr.

IV. KAFLI

EBE-sannprófun og EBE-yfirlýsing framleiðanda.

17. gr.

1. Í sérreglum þeim sem kveðið er á um í 3. gr. þar sem EBE-sannprófunar eða EBE-yfirlýsingar framleiðanda er krafist er mælt fyrir um hvaða tilhögun verði fylgt.
2. Þegar um er að ræða yfirlýsingu framleiðanda gerir Vinnueftirlit ríkisins ráðstafanir til að tryggja að búnaðurinn uppfylli tæknikröfur sérreglnanna.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

18. gr.

1. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan EES skal gefa út EBE-samræmisvottorð með því sniði sem sýnt er í IV. viðauka fyrir hvert eintak ef tiltekinni gerð búnaðar sem framleiddur er samkvæmt samræmdum kröfum og þá gerð sem hefur verið viðurkennd eða prófuð.
2. Sé þess krafist í sérreglum skal framleiðandinn festa merki á búnaðinn ásamt þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í þeim sérreglum.
3. Umsækjandinn skal bera kostnaðinn sem leiðir af þeirri tilhögun sem mælt er fyrir um í sérreglum.

VI. KAFLI

Samhæfðar tæknikröfur.

19. gr.

1. Ekki er heimilt að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun á búnaði sem fullnægir kröfunum í þessum reglum og viðkomandi sérreglum, á forsendum sem tengjast smíði hans eða notkun enda uppfylli búnaðurinn kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna.
2. Líta ber á samræmisvottorðið sem um getur í 18. gr. og gerðarmerkið á búnaðinum,

sem krafist kann að verða í sérreglum, sem vitnisburð um að hann samræmist ákvæðum undanfarandi málsgreinar.

3. Vinnueftirlitið getur krafist þess að vottorðið sé á íslensku þegar búnaðurinn er boðinn neytendum til sölu.

20. gr.

1. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hættu af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku. Það tilkynnir stjórnvöldum aðildarríkja EES um ákvörðun sína.

21. gr.

1. Hönnun og smíði einhversrar gerðar af búnaði getur í sérstökum tilvikum vikið frá sumum ákvæðum sérreglna án þess að ákvæði 19. gr. hætti að gilda um hana enda sé þess gætt að breytingarnar séu með þeim hætti að öryggis- og heilsuvernd sé tryggð jafnvel eftir sem áður.
2. Í öllum sérreglum eru tilgreind nákvæmlega þau ákvæði sem veita má slíka undanþágu frá og jafnframt þau ákvæði þar sem undanþága er óheimil.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdarstjórn ESB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/532/EEB sem vísað er til í 2. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

VIII. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

23. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.

24. gr.

Brot gegn þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

X. KAFLI

Gildistaka.

25. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 2. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/532/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, eins og henni var breytt með tilskipun 88/665/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

EBE-GERÐARVIÐURKENNING OG EBE-GERÐARPRÓFUN.

1. UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN
 - 1.1 Umsóknin sjálf og bréfaskipti henni tengd skulu vera á opinberu tungumáli ríkisins þar sem hún er lögð fram og í samræmi við lög þess ríkis. Það ríki eða samþykktur aðili getur farið fram á að fylgiskjöl séu einnig rituð á því sama opinbera tungumáli.
 - 1.2 Í umsókninni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
 - nafn og heimilisfang framleiðandans eða fyrirtækis, viðurkennds fulltrúa þeirra eða umsækjandans, og framleiðslustaður eða -staðir búnaðarins,
 - flokkur búnaðar,
 - fyrirhuguð notkun,
 - tæknilegir eiginleikar,
 - vörumerki, ef við á, eða gerð.
 - 1.3 Umsókninni fylgi skjöl í tvíriti með öllum þeim upplýsingum sem krafist er í sérreglum og yfirlýsing um að engin önnur umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun hafi verið lögð fram vegna sama búnaðar.
2. PRÓFANIR VEGNA EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR EÐA EBE-GERÐARPRÓFUNAR

Prófanir á búnaði vegna EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar skulu fara fram í samræmi við fyrirmælin í viðkomandi sérreglum.

Gera skal skýrslu um prófanirnar með því sniði sem sýnt er í sérreglunum um viðkomandi búnað.
3. VOTTORÐ UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN

Í vottorðinu sem um getur í 5. og 10. gr., og fyrirmynd er sýnd af í III. viðauka, skal sagt frá niðurstöðum prófananna á búnaðinum og þeim skilyrðum sem EBE-gerðarviðurkenning eða EBE-gerðarprófun kann að vera háð. Því skulu fylgja þær lýsingar, teikningar og ljósmyndir sem nauðsynlegar eru til að auðkenna búnaðinn glögg samt skýringum á starfsemi hans ef ástæða er til.

4. BIRTING Á EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN
- 4.1 Jafnframt því sem hlutaðeigandi aðila er gert viðvart sendir stjórnvald aðildarríkisins innan EES sem veitir EBE-gerðarviðurkenningu afrit af vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu til stjórnvalda hinna aðildarríkjanna eða samþykkti aðilinn sendir afrit af vottorðinu um EBE-gerðarprófun til hinna samþykktu aðilanna.

Stjórnvöld hinna aðildarríkjanna og samþykktu aðilarnir geta einnig fengið afrit af ítarlegum tæknilýsingum á búnaðinum og af skýrslum um skoðanir og prófanir sem hafa verið gerðar á honum.

Stjórnvöld aðildarríkjanna og samþykktu aðilarnir, sem fá í hendur gögn með ítarlegum tæknilýsingum, skulu tryggja að hugverkaréttur á sviði iðnaðar sé virtur, svo og þagnarskylda.

- 4.2 Sé vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun afturkallað er það auglýst í samræmi við tilhögunina sem mælt er fyrir um í lið 4.1.
- 4.3 Neiti stjórnvald aðildarríkis innan EES að gefa út vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu eða samþykktur aðili að gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun er það tilkynnt eftir atvikum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna innan EES eða samþykktu aðilunum.

II. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR SEM STJÓRNVÖLD AÐILDARRÍKJA INNAN EES BER AÐ HAFI TIL HLIDSJÓNAR ÞEGAR ÞAU TILNEFNA SAMÞYKKTU AÐILA.

1. Aðilar sem bera ábyrgð á að prófa tæki skulu hafa til reiðu nægilega marga hæfa starfsmenn og fjármuni sem nauðsynlegir eru til að inna almennilega af hendi tæknivinnu og stjórnunarstörf og hafa aðgang að tækjabúnaði til sérstakra prófana sem kveðið er á um í sérreglunum.
2. Aðilinn, forstöðumaður og starfslíð mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, sölu- eða þjónustuaðilar að tækjum né viðurkenndir fulltrúar þessara aðila. Þeim er ekki heimilt að taka beinan þátt í hönnun, framleiðslu, sölu, kynningu eða viðhaldi slíks búnaðar né að koma fram fyrir hönd aðila sem það gera. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að framleiðanda og samþykktum aðila sé heimilt að skiptast á tæknilegum upplýsingum.
3. Starfsmenn þeir sem falið er að prófa tæki áður en vottorð um EBE-gerðarprófun er gefið út verða að leysa þessi störf af hendi af ýrtruðu kostgæfni og tækniþekkingu og vera lausir við allan þrýsting, einkum fjárhagslegan, sem haft gæti áhrif á úrskurð þeirra eða niðurstöðu í starfi, sérstaklega frá aðilum eða hópum sem hagsmuna eiga að gæta í niðurstöðum prófananna.
4. Starfsmenn þeir sem annast prófanir og skoðanir verða að hafa til að bera:
 - trausta tækni- og fagþekkingu,
 - viðunandi þekkingu á kröfum þeim sem gerðar eru við prófanir sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum störfum,
 - kunnáttu til að semja skrár og skýrslur þar sem koma fram niðurstöður sem fengust við skoðunina.
5. Tryggja verður óhlutdrægni starfsmanna. Tekjur þeirra mega ekki vera undir því komnar hversu margar skoðanir þeir inna af hendi né heldur hver niðurstaða í hverri skoðun er.

6. Samþykkti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið taki á sig ábyrgð í samræmi við landslög.
7. Starfsmenn samþykktu aðilans eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju sem þeir fá við skyldustörf (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir leysa störf sín af hendi) samkvæmt þessum reglum og sérreglum eða ákvæðum landslaga sem veita þessum reglum gildi.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN FYRIR VÉLAR OG BÚNAÐ Á BYGGINGARSVÆÐUM.

Lögbært stjórnvald eða samþykktur aðili¹:

.....

Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun¹:

.....

Nr. á EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun¹:

1. Flokkur, gerð og vörueiti eða vörumerki:

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda:

.....

3. Nafn og heimilisfang vottorðshafa:

.....

4. Lagt fram til EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar hinn¹:

5. Vottorð gefið út miðað við eftirfarandi kröfur:

.....

6. Prófunarstofa:

7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu:

8. EBE-gerðarviðurkenning eða EBE-gerðarprófun veitt hinn¹:

9. Eftirtalin skjöl sem merkt eru með ofangreindu númeri EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar¹ fylgja þessu vottorði:

10. Aðrar upplýsingar:

.....

Útgefið í :hinn

.....

(undirskrift)

¹ Stríkið yfir það sem ekki á við.

IV. VIÐAUKI

**FYRIRMYND AÐ EBE-SAMRÆMISVOTTORÐI VEGNA EBE-GERÐARVIÐUR-
KENNINGAR EÐA EBE-GERÐARPRÓFUNAR VÉLA OG BÚNAÐAR Á
BYGGINGARSVÆÐUM**

Undirritaður.....

(skírnarnöfn og eftirnafn)

lýsir því hér með yfir að neðangreindar vélar og búnaður á byggingarsvæðum ¹

1. Flokkur:

2. Heiti:

3. Gerð:

4. Raðnúmer búnaðarins:

5. Raðnúmer grindar ef það er annað en að framan:

6. Framleiðsluár:

eru í samræmi við

- þær gerðir sem viðurkenndar eru (EBE-gerðarviðurkenning) ¹,

- þær gerðir sem prófaðar hafa verið (EBE-gerðarprófun) ¹,

og taldar eru upp í töflunni hér að neðan

Sérreglur	Vegna gerðarviðurkenningar ¹			Vegna gerðarprófunar ¹		
	nr.	dagsetning	aðildarríki	nr.	dagsetning	samþykktur aðili

7. Sérstök ákvæði:

Gjört íhinn

(dagsetning)

(undirskrift)

.....
(staða)

¹Strikið yfir það sem ekki á við.